

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 175/1957. **Helgi Benediktsson**

gegn

Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Frávisun kröfu frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, fór með mál þetta í héraði.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærú 15. f. m., er barst dóminum hinn 28. s. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hin kærða dómsathöfn verði felld úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum þætti málsins í héraði og svo kærúmálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu dómsathafnar og kærúmálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skirskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærúmálskostnað, kr. 500.00.

Það athugast, að héraðsdómari nefnir úrlausn sína úrskurð, en eigi dóm, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Sóknaraðili, Helgi Benediktsson, greiði varnaraðilja, Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum, kærúmálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. október 1957.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð hinn 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 26. marz 1956, birtri 27. s. m., á hendur stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum f. h. félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sólhlíð 8, Sighvati Bjarnasyni útgerðarmanni, Kirkjuvegi 49, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 16, Haraldi Hannessyni skipstjóra, s. st., og Guðjóni Jónssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 65B, öllum í Vestmannaeyjum. Málið er risið út af brottvikningu stefnanda úr hinu stefnda félagi samkvæmt ákvörðun stjórnarfundar hinn 24. maí 1952, er síðar var staðfest á aðalfundi 22. des. 1952. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, aðallega að stefndi verði dæmdur til að viðurkenna Helga Benediktsson sem ennverandi fullgildan félagsmann í Vinnslustöðinni með tilheyrandi réttindum og skyldum, en til vara verði stjórn Vinnslustöðvarinnar fyrir félagsins hönd dæmd til að láta fram fara fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess og verði Helga Benediktssyni greiddur út sameignarhluti hans, að rétttri tiltölu við stofnframlög og þá eignaaukningu, sem orðin er hjá félaginu, frá því það var stofnað og þar til uppgjör hefur farið fram. Enn fremur gerði stefnandi fullar málskostnaðarkröfur á hendur stefnda bæði í sambandi við aðal- og varakröfu, allt að skaðlausu eftir mati réttarins, eða eftir framlögðum reikningum.

Mætt var í málinu af hálfu stefnda og þær réttarkröfur gerðar, að stefndi yrði algjörlega sýknaður af aðalkröfu stefnanda og, að því er varakröfuna snertir, aðallega að henni verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi yrði algjörlega sýknaður af henni gegn greiðslu á kr. 16.031.50. Hvernig sem málið færi, var þess krafizt, að stefnandi yrði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Umboðsmaður stefnda telur, að varakrafa stefnanda sé svo óljós, að ekki sé unnt að leggja dóm á hana, og auk þess vísi hún til atvika og sannana, sem síðar eigi að koma fram, þannig að dómur, sem taki þessa kröfu til greina að öllu leyti, hlyti að brjóta í bága við 193. gr. einkamálalaganna, næstsíðustu málsgrein. Af þessum ástæðum krefst hann þess, að varakröfunni verði vísað frá dómi. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að stefnandi verði dæmur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir þenna þátt málsins.

Stefnandi hefur algjörlega andmælt frávísunarkröfunni og krafizt málskostnaðar sér til handa fyrir þenna þátt málsins.

Fallizt verður á, að kröfugerð stefnanda er ekki eins ljós og æskilegt væri. Ekki kemur glögg fram, hvað átt er við með orðunum: „fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess“. Ekki er heldur ljóst, hvað felst í orðunum „og verði Helga Benediktssyni greiddur út“ o. s. frv. Ef til vill er tilætlunin aðeins að setja fram kröfu um viðurkenningu á greiðsluskyldu, en sá skilningur liggur þó beinna við, eins og umboðsmaður stefnda bendir á, að krafizt sé, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda sameignarhluti hans og samkvæmt uppgjöri, er færi fram eftir dómsuppsögu. En slík kröfugerð getur ekki náð fram að ganga samkvæmt þeim reglum, er fram koma í 4. mgr. 193. gr. einkamálalaganna. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, verður að telja, að varakrafan sé ekki dómhæf, og ber því að vísa henni frá réttinum.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin, er dómur gengur í málinu.

Atriðisorð:

Ofangreindri kröfu stefnanda vísast frá réttinum.

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 118/1957. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

Ingólfi Stefánssyni (Tómas Jónsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Vanræksla að færa varning á skipsforðalista.

Dómur Hæstaréttar.

Vanræksla ákærða á að gefa tollgæzlumönnum skýrslu um umræddar vörur varðar við 30. gr. reglugerðar nr. 123/1938 og 42. gr. laga nr. 68/1956, eins og lýst er í héraðsdómi, og þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.